

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: http://lagabirting.is
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 57 96. ár

Fimmtudaginn 3. apríl 2003

Stefnur

Íslandssími hf.,
kt. 600898-2059, Borgartúni 30,
105 Reykjavík

gjörir kunnugt: að félagið þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Braga Höskuldssyni, kt. 241078-5079, Melholti 7, 105 Reykjavík en nú óstaðsettum í hús, til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 271.940, ásamt dráttarvöxtum, af kr. 928 frá 25. ágúst 2001 til 5. nóvember 2002, af kr. 86.704 frá 5. nóvember 2002 til 19. nóvember 2002, af kr. 147.071 frá 19. nóvember 2002 til 6. desember 2002, af kr. 220.266 frá 6. desember 2002 til 6. janúar 2003, af kr. 269.272 frá 6. janúar 2003 til 31. janúar 2003, af kr. 271.940 frá 31. janúar 2003 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málflutningsumboð: Undirritaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Málsatvik og málsástæður: Skuldin er samkvæmt framlögðum „hreyfingarlista“ stefnanda. Stefnandi rekur símafyrtæki í Reykjavík og er skuld þessi til komin vegna ógreiddra símreikninga stefnda hjá stefnanda á neðangreindu tímabili. Um eftirfarandi reikninga er að ræða:

Gjalddagi	Upphæð
25. ágúst 2001	928
5. nóvember 2002	54.842
5. nóvember 2002	30.934
19. nóvember 2002	15.320
19. nóvember 2002	45.047
6. desember 2002	34.038
6. desember 2002	39.157
6. janúar 2003	23.214
6. janúar 2003	25.792
31. janúar 2003	1.383
31. janúar 2003	1.285

Samtals nema framangreindar fjárhæðir kr. 271.940 sem er stefnufjárhæð málsins ásamt dráttarvöxtum og kostnaði. Umsaminn gjalddagi er tilgreindur og miðast dráttarvaxtakrafa í dómkröfu við það tímamark. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefndi er samkvæmt upplýsingum þjóðskrár ekki með skráð lögheimili, þ.e. óstaðsettur í hús og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Lagatilvísanir: Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum vegna vaxta til og með 30. júní 2001, en III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 vegna vaxta frá 1. júlí 2001 til greiðsludags. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirt-

Fyrirtækjaskrá

Aukatilkynningar

Eftirtalin hlutafélög og einkahlutafélög hafa sent hlutafélagaskrá tilkynningar í janúar 2003, samanber skýringar á táknum hér fyrir neðan:

Nafn	Bær	Kennitala	Tilk.atríði
Viðar og Óskar ehf. 2161)	Reykjavík	660199-2769	ACDF
Marel Eðvarðsson ehf. 2162)	Hafnarfirði	500502-2310	ACD
Egilsá ehf. 2163)	Hafnarfirði	521102-3060	CD
Turninn Strandgötu ehf. 2164)	Akureyri	680895-2019	ACDEFG
J. Eiríksson ehf. 2165)	Kópavogi	540199-2649	ACDFGH
Húseignarfélagið Sigtúni 38 ehf. 2166)	Reykjavík	691289-2499	BF
Víðimelsbræður ehf. 2167)	Sauðárkróki	530697-2749	E
Húsfélagið Undraland ehf. 2168)	Garðabæ	540180-0409	G
Gæðakaup ehf. 2169)	Reykjavík	560873-0189	A
TA fjárfesting ehf. 2170)	Reykjavík	701293-4959	ABCDEK
ABX auglýsingastofa ehf. 2171)	Reykjavík	660202-3070	A
Leið ehf. 2172)	Bolungarvík	641201-2270	ABD
M.T.H. ehf. 2173)	Reykjavík	631202-3060	ACDEG
Ísrann ehf. 2174)	Reykjavík	431078-1129	E
Fjarski ehf. 2175)	Reykjavík	561000-3520	AC
Mógúllinn ehf. 2176)	Hafnarfirði	581202-2960	F
DIS ehf. 2177)	Egilsstöðum	450297-2169	A
Gerðir ehf. 2178)	Kópavogi	701202-2360	AEG
Naust Marine hf. 2179)	Garðabæ	620293-2299	B
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf. 2180)	Njarðvík	670793-2149	B
Lítis ehf. 2181)	Reykjavík	571299-2759	BK
Eicas ehf. 2182)	Akranesi	570102-4190	ACDK
Leiguflugfélagið ehf. 2183)	Reykjavík	701202-3410	ADFGH
Húsamat ehf. 2184)	Reykjavík	521198-2739	F
ePRÓ ehf. 2185)	Reykjavík	530194-3109	ACDEFG

Nafn	Bær	Kennitala	Tilk.atríði
Kaldaberg ehf. 2186)	Hafnarfirði	620598-2759	ACD
Íslenska talsímaþjónustan ehf. 2187)	Reykjavík	560499-3029	AD
Kraftvaki ehf. 2188)	Reykjavík	520299-2629	A
Sjúkraþjálfun ehf. 2189)	Reykjavík	540584-0369	ACDE
Öflun ehf. 2190)	Kópavogi	480972-0239	ABCD
Ráðabót ehf. 2191)	Bessastaðahreppi	660500-2190	G
Landsþjónustan ehf. 2192)	Reykjavík	450799-2119	ACDFGHK
G.S. ráðgjöf ehf. 2193)	Garðabæ	540302-3750	G
Mól ehf. 2194)	Kópavogi	591101-2770	G
Gerpir ehf. 2195)	Reykjavík	701294-3199	A
Electric ehf. 2196)	Reykjavík	620269-4339	ABCD
Hekla hf. 2197)	Reykjavík	600169-5139	ADK
Gró ehf. 2198)	Kópavogi	420589-1829	ADGK
Kvarði - Afl ehf. 2199)	Reykjavík	531299-2139	AEFHK
Jarðefnavinnslan ehf. 2200)	Kópavogi	700394-3449	ACD
Skarðsheiði ehf. 2201)	Reykjavík	571202-2470	ACDEGLK
Sérleyfisbílar Helga Péturssonar ehf. 2202)	Reykjavík	480272-0139	E
PP forlag ehf. 2203)	Reykjavík	701299-5159	F
Vinnandi menn ehf. 2204)	Akureyri	440397-2209	BG
HH verktakar ehf. 2205)	Akureyri	550600-2770	ADGHK
Aflvirki ehf. 2206)	Garðabæ	670398-2269	ACDEK
Steypustöðin ehf. 2207)	Reykjavík	620269-7439	AC
Vinnuvélar ehf. 2208)	Reykjavík	700269-1249	A
Steypustöð Suðurlands ehf. 2209)	Selfossi	680671-0369	A
Steypir ehf. 2210)	Reykjavík	670177-0339	A
Basalt ehf. 2211)	Reykjavík	470801-2630	A
Hlutabréfamarkaðurinn hf. 2212)	Reykjavík	431085-0389	B
S.T. ehf. 2213)	Hveragerði	500397-2339	AD
Baldur Jónsson ehf. 2214)	Kópavogi	410802-2440	FH
SKG verktakar ehf. 2215)	Akureyri	591199-2429	A
Gerpir ehf. 2216)	Reykjavík	701294-3199	E
Ásgeir Einarsson ehf. 2217)	Garðabæ	431175-0889	G
Tölvutengingar ehf. 2218)	Reykjavík	500699-2809	G
Thorarensen lyf ehf. 2219)	Reykjavík	620269-6119	ACD

ingablaði skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð gögn.
3. Reikningsyfirlit.
4. Innheimtubréf lögmanns stefnanda.
5. Útskrift úr þjóðskrá.
6. Útprentun úr Lögbirtingablaði er stefna þessi birtist í.

Áskorun og viðvörun: Fyrir því stefnist hér með Braga Höskuldssyni, kt. 241078-5079 til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykja-víkur, sem háð verður í dómhúsi héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, dómsal 102, þann 19. júní 2003, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 7. mars 2003.
F.h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
Guðmundína Ragnarsdóttir hdl.

(3476

Jóhanna Elka Geirsdóttir,
kt. 280256-4129,
Pósthússtræti 11, 101 Reykjavík

gerir kunnugt: að hún þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur, á hendur Gentlemen’s Club-Ísland ehf., kt. 441001-3550, Pósthússtræti 11, 101 Reykjavík til greiðslu vangoldinna launa að fjárhæð kr. 1.564.424 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, af kr. 175.000 frá 1. september 2002 til 1. október 2002, af kr. 420.000 frá þeim degi til 1. nóvem-ber 2002, af kr. 665.000 frá þeim degi til 1. desember 2002, af kr. 910.000 frá þeim degi til 1. janúar 2003, af kr. 1.155.000 frá þeim degi til 1. febrúar 2003 en af kr. 1.564.424 frá þeim degi til greiðsludags.

Þess er krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti í fyrsta sinn þann 1. september 2003, en síðan árlega þann dag.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til hans kemur. Krafist er vaxta af málskostnaði skv. 3. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags. Einnig er krafist virðis-auka af málskostnaði þar sem stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur.

Fyrirsvar: Undirritaður lögmaður, Guð-mundur B. Ólafsson hdl. rekur mál þetta fyrir stefnanda.

Málavextir og málsástæður: Stefnandi hóf störf hjá stefnda þann 1. mars 2002 í fullu starfi við bókhald. Umsaminn vinnutími hennar var frá kl. 8.00 til kl. 17.00 alla virka daga og voru umsamin laun kr. 245.000 á mánuði frá og með september 2002.

Stefnandi lét af störfum þann 31. október 2002 þegar stefndi lagði niður rekstur sinn. Stefnanda hafði ekki verið sagt upp störfum hjá stefnda en hún á skv. kjarasamningum VR þrjá mánuði í uppsagnarfrest frá 1. nóvember 2002 að telja.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur stefnandi ekki fengið greidd laun frá stefnda vegna vinnu-framlags vegna ágúst, september og október 2002 að undanskilinni innborgun kr. 40.000 í ágústmánuði, en launaseðlar fyrir þessa mánuði hafa samt verið gefnir út.

Hér er um einhliða brot á starfssamningi aðila að ræða af hálfu stefnda. Því er krafist launa f.h.

stefnanda vegna vinnuframlags í ágúst, september og október 2002 að undanskilinni innborgun launa í uppsagnarfresti nóvember og desember 2002 og janúar 2003 auk samningsbundinna uppbóta og orlofs.

Krafan sundurliðast sem hér segir:

	kr.
Laun vegna ágúst 2002	175.000
Áður greitt	-40.000
Laun vegna september 2002	245.000
Laun vegna október 2002	245.000
Laun á uppsagnarfresti nóvember 2002	245.000
Laun á uppsagnarfresti desember 2002	245.000
Laun á uppsagnarfresti janúar 2003	253.330
Orlof frá 1. ágúst 2002 til 31. janúar 2003	143.227
Desemberuppbót 2002	39.178
Orlofsuppbót 2003	13.689
Samtals	1.564.424

Þar sem innheimtutilraunir sbr. bréf frá Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur dags. 14. nóvember 2002 og svo innheimtubréf frá Erni Clausen hrl. dags. 14. janúar 2003, hafa reynst árangurslausar og málshöfðun því nauðsynleg, er hér farið fram á ítrustu kröfur samkvæmt lögum og kjarasamningum. Þar sem fyrirsvarsmaður lögaðila er búsettur erlendis og heimilisfang hans þar óþekkt er stefna birt í Lögbirtingablaði.

Lagarök: Kröfur um bætur styður stefnandi við l. nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups, l. nr. 30/1987 um orlof og l. nr. 19/1979 um uppsagnarfrest, samningalög 7/1936, meginreglur kröfuréttar, meginreglur vinnuréttar og kjarasamninga Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og vinnuveitenda, og bókanir sem teljast hluti kjarasamninga.

Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001.

Kröfur um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 sbr. 129. gr. 4. tl. um vexti af málskostnaði. Einnig er krafist virðisaukaskatts af málskostnaði þar sem stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð gögn.

Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari gögn til stuðnings kröfunni við meðferð málsins eftir því sem ástæður og tilefni gefast til.

Skýrslutökur fyrir dómi: Þess er óskað að við aðalmeðferð málsins komi stefnandi fyrir dóm og gefi skýrslu um atvik málsins ef stefndi heldur uppi vörnum.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með, forráðanda Guðmundi G. Bjarnasyni, kt. 210368-3619, Noregi til að mæta fh. stefnda Gentlemen’s Club-Ísland ehf., kt. 441001-3550, Pósthússtræti 11, 101 Reykjavík á dómþing héraðsdóms sem háð verður í dómssal nr. 102 í dómhúsi héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, Austurstræti 19, 101 Reykjavík, þann 8. maí 2003 kl. 10.00 árdegis er mál þetta verður þingfest, til þess þá og þar, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara, og dóm að þola í framangreinda átt. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við að útivistar-dómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er mánuður.

Reykjavík, 14. mars 2003.
F.h. stefnanda,
Guðmundur B. Ólafsson hdl.

(3676

Dómstjóri héraðsdóms Suðurlands,
Ólafur Börkur Þorvaldsson

gerir kunnugt: Dóminum hefur tjáð Háskóli Íslands, kt. 600169-2039, Suðurgötu, Reykja-

Nafn	Bær	Kennitala	Tilk.atríði
Ísteka ehf. 2220)	Reykjavík	611200-3150	ACD
Kaldbakur fjárfestingafélag hf. 2221)	Akureyri	670169-3679	B
Vivo ehf. 2222)	Reykjavík	440200-2650	FG
Lónið ehf. 2223)	Þórshöfn	690296-2929	ACDE
Vog ehf. 2224)	Hafnarfirði	660697-2689	AD
P. Samúelsson hf. 2225)	Kópavogi	530171-0279	ADC
Eignarhaldsfélagið Stofn hf. 2226)	Kópavogi	600700-2510	AD
Arctic Trucks á Íslandi ehf. 2227)	Kópavogi	600397-2309	AD
P.S. fasteignir ehf. 2228)	Kópavogi	571299-2249	AD
Kraftvélar ehf. 2229)	Kópavogi	560392-2149	D
Oddhóll ferðaþjónusta ehf. 2230)	Hellu	520399-2329	C
Jónas Róbertsson ehf. 2231)	Akureyri	460802-2610	B
Múrþjónusta Braga ehf. 2232)	Reykjavík	610896-2279	ACDFGK
Samson eignarhaldsfélag ehf. 2233)	Reykjavík	490902-2520	B
Kóda ehf. 2234)	Keflavík	470289-1479	AEFGK
LDE ehf. 2235)	Keflavík	651198-2089	AD
Leifur þjónusta ehf. 2236)	Reykjavík	620698-2459	AD
Frísk - andi ehf. 2237)	Reykjavík	710800-2190	A
BS gólfvörur ehf. 2238)	Hafnarfirði	521184-0869	ACEK
Albatros ehf. 2239)	Hafnarfirði	480300-2970	ACDEFGHK
Verðbréfasjóður ÍV hf. 2240)	Akureyri	491001-2160	A
Ferðaþjónusta Snjófell ehf. 2241)	Snæfellsbæ	640295-2019	ACD
Íslensk verbréf eignastýring ehf. 2242)	Akureyri	491001-2080	ACD
Fasteignafélagið Stoðir ehf. 2243)	Reykjavík	450599-3529	A
Flugstöð Leifs Eiríkssonar ehf. 2244)	Keflavíkurflugvelli	540900-2560	A
Naust Marrine - Logic ehf. 2245)	Garðabæ	690999-2509	J
Pípugerðin hf. 2246)	Garðabæ	440193-2269	J
SMT ehf. 2247)	Reykjavík	470597-2329	J
Hlutabréfasjóður Íslands hf. 2248)	Akureyri	601191-2379	J

A = tilkynning er varðar stjórn
B = tilkynning er varðar hlutafé
C = tilkynning er varðar framkvæmdastjórn
D = tilkynning er varðar prókúruumboð
E = tilkynning er varðar endurskoðun
F = tilkynning er varðar nafn
G = tilkynning er varðar heimilisfang
H = tilkynning er varðar tilgang

J = tilkynning um afskráningu
K = tilkynning er varðar firmaritun
L = tilkynning er varðar viðskiptahömlur hlutabréfa
M = tilkynning er varðar útibú
N = tilkynning er varðar umboð
O = tilkynning er varðar lausnarskyldu
P = tilkynning er varðar útibússtjóra erlends hlutafélags
R = breyting hlutafélags í einkahlutafélag
S = breyting einkahlutafélags í hlutafélag

Húsbréf

Þrítugasti og fyrsti útdráttur í 3. flokki húsbréfa 1994

Innlausnardagur 15. maí 2003

5.000.000 kr. bréf

Að þessu sinni voru engin 5.000.000 kr. bréf dregin út.

1.000.000 kr. bréf

94320030	94320267	94320774	94320874	94321176	94321634	94321777
94320173	94320273	94320820	94320876	94321221	94321636	94321801
94320180	94320682	94320842	94321071	94321513	94321681	94321813

100.000 kr. bréf

94350182	94350609	94350985	94352717	94353041	94353160	94353697
94350563	94350922	94352480	94352951	94353099	94353175	

10.000 kr. bréf

94370211	94370792	94371159	94372517	94373107	94373270	94373773
94370745	94371118	94372279	94372946	94373182	94373278	94374165

Yfirlit yfir óinnleyst húsbréf:

(13. útdráttur, 15/11 1998)

10.000 kr. Innlausnarverð 13.102,-
94373540

(15. útdráttur, 15/05 1999)

10.000 kr. Innlausnarverð 13.613,-
94373769

(18. útdráttur, 15/02 2000)

1.000.000 kr. Innlausnarverð 1.478.443,-
94321354

100.000 kr. Innlausnarverð 147.844,-
94353312

(21. útdráttur, 15/11 2000)

100.000 kr. Innlausnarverð 157.800,-
94350328

(26. útdráttur, 15/02 2002)

10.000 kr. Innlausnarverð 18.382,-
94373541

(28. útdráttur, 15/08 2002)

100.000 kr. Innlausnarverð 189.387,-
94351408

10.000 kr. Innlausnarverð 18.939,-
94373408

(30. útdráttur, 15/02 2003)

100.000 kr. Innlausnarverð 195.330,-
94350524

Útdregin óinnleyst húsbréf bera hvorki vexti né verðbætur frá innlausnardegi. Því er áriðandi fyrir eigendur þeirra að innleysa þau nú þegar og koma andvirði þeirra í arðbæra ávöxtun. Húsbréf eru innleyst í öllum bönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum.

Íbúðalánasjóður

3332)

Borgartúni 21 - 105 Reykjavík - Sími 569 6900 - Fax 569 6800

vík, að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Suðurlands til viðurkenningar á eignarrétti á jörðinni Herdísarvík, Ölfushreppi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur stefnanda að jörðinni Herdísarvík, Ölfushreppi, allri eigninni, ásamt þeim mannvirkjum sem á jörðinni hafa verið reist.

Gerð er krafa um málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmanna Mörkinni ehf. á hendur hverjum þeim sem kann að gerast aðili að málinu og að við ákvörðun málskostnaðar verði gætt að skyldu stefnanda til að greiða 24,5% virðisaukaskatt af lögmannspóknun.

Málsatvik: Stefnandi lýsir málsatvikum svo: Með gjafabréfi dags. 28. september 1935 (dskj. 8) gaf Einar Benediktsson, prófessor, stefnanda jörðina Herdísarvík, Ölfushreppi, ásamt húsum, gögnum og gæðum. Stefnanda var með gjafabréfinu jafnframt gefin húsgögn í íbúðarhúsi á jörðinni og bókasafn Einars sem geymt var í húsinu. Hins vegar var tekið fram að íbúðarhúsið sjálft væri í eigu ríkisins. Gjöfin var gefin til minningar um föður Einars, Benedikt Sveins-

son, sýslumann, og var bundin því skilyrði einu að þáverandi ábúandi jarðarinnar hefði endurgjaldslaus afnot af íbúðarhúsinu svo lengi sem hún óskaði, en greiddi þó skatta og skyldur af jörðinni á meðan á ábúð stæði.

Engir fyrirvarar voru í gjafabréfinu um eignarrétt annarra að jörðinni. Gjafabréfinu var hins vegar þinglýst með þeirri athugasemd að eignarheimild brysti að 7/72 hlutum jarðarinnar. Ástæður þessarar athugasemdar er að rekja allt aftur til ársins 1908 er Jón Magnússon, bóndi í Krísuvík, seldi Einari Benediktssyni og Hans Th. Arnemann jarðirnar Krísuvík og Herdísarvík, að námuréttindum undanskildum (dskj. 4). Hans Th. Arnemann seldi árið eftir 7/72 hluta jarðanna til þriggja Norðmanna (dskj. 5). Einar Benediktsson seldi jafnframt um svipað leyti 1/6 hluta jarðanna til Hans Th. Arnemann en staðfesti það fyrst með yfirlýsingu dags. 12. september 1913 (dskj. 6).

Með afsali dags. 13. desember 1928 seldi Hans Th. Arnemann eignarhluta sinn í jörðunum Krísuvík og Herdísarvík að nýju til Einars Benediktssonar (dskj. 7). Í afsalinu var þess í

engu getið hversu stóran eignarhluta var um að ræða. Einar Benediktsson fór upp frá því með eignina sem sína en afsalinu var fyrst þinglýst að því er jörðina Herdísarvík varðar í júní árið 1940.

Frá því að stefnandi fékk jörðina Herdísarvík til eignar á árinu 1935 hefur stefnandi nýtt jörð og hús með margvíslegum hætti. Samkvæmt skilmálum gjafabréfsins átti þáverandi ábúandi jarðarinnar, Hlín Johnson, rétt á endurgjaldslausri ábúð á meðan hún lifði. Á árinu 1937 var svo samþykkt í háskólaráði ósk Einars Benediktssonar um að sonur Hlínar, Jón Eldon, sæti fyrir ábúðarrétti er Hlín léti af ábúð. Hlín mun hafa látið af ábúð á árinu 1958 eða 1959 en ekki kom til þess að Jón Eldon gerðist þar ábúandi.

Á árinu 1964 setti prófessor Ármann Snævarr saman greinargerð um Herdísarvík, sem ætlað var að vera umræðugrundvöllur í háskólaráði, þar sem settar voru fram hugmyndir um möguleg not háskólans af jörðinni (dskj. 11). Af samantektinni var ljóst að íbúðarhús jarðarinnar var óvandað, útihús fallin, girðingar þörfuðust viðhalds og tún voru óræktarleg. Á árinu 1976 voru eldri mannamínjar á jörðinni, svo sem fiskigarðar, verbúðir, tættur af íveruhúsum, peningshúsum og öðrum útihúsum, friðlýstar (dskj. 12). Á árinu 1977 ákvað háskólaráð að setja saman þriggja manna nefnd sem m.a. hafði það verkefni að gera tillögur um friðunaraðgerðir, girðingu lands, sumar- og vetrarnotkun íbúðarhúss, lagfæringar húss og fl. (dskj. 13). Jafnframt var samþykkt að verja allt að 1,5 milljónum króna úr háskólasjóði til viðgerðar á húsgögnum Einars Benediktssonar.

Herdísarvíkurnefnd skilaði tillögum til háskólaráðs í febrúar 1978 þar sem nauðsynlegt var talið að ráðast í girðingu landsins og gerð brunns til að bæta úr vatnsleysi (dskj. 14). Þá var talið æskilegt að áfram yrði aðstaða fyrir starfsmenn stefnanda í Herdísarvík til dvalar á sumrin og að vetrarlagi. Til athugunar var jafnframt að reisa nýtt hús á jörðinni og nýta jörðina í þágu rannsókna í ýmsum greinum náttúrufræði. Á fundi háskólaráðs 13. apríl 1978 var ákveðið að ráðast í framkvæmdir í Herdísarvík þá um sumarið (dskj. 17). Herdísarvíkurnefnd skilaði að nýju samantekt til háskólaráðs í desember 1978 þar sem lagðar voru til ýmsar endurbætur á íbúðarhúsi og aðstöðu við íbúðarhúsið (dskj. 18).

Meðal þess sem framkvæmt var af stefnanda á þessum árum var uppsetning fjárheldrar girðingar milli fjalls og fjöru og umfangsmikil endurnýjun íbúðarhúss jafnt að utan sem innan. Jafnframt var byggður geymsluskúr og sólpallur við húsið, grafinn brunnur og lögð vatnslögn í húsið og sett upp vatnsdæla knúin af sólarrafstöð. Loks var ráðist í framkvæmdir við garð sem aðskilur tjörn á jörðinni frá sjó til að verjast ágangi sjávar. Fjárveiting fékkst frá Alþingi til þeirrar framkvæmdar.

Á árinu 1980 var gengið frá landamerkjabréfi þar sem tilgreind voru mörk Árnessýslu og lögsagnarumdæmis Grindavíkurkaupstaðar og kveðið á um að mörk jarðanna Herdísarvíkur og Krísuvíkur falli saman við hin fyrrgreindu mörk (dskj. 19). Stefnandi kom fram við þá samningsgerð sem eini eigandi jarðarinnar Herdísarvíkur. Árið 1988 ákvað Náttúruverndarráð að friðlýsa Herdísarvík og var kveðið nánar á um mörk friðlandsins og reglur um meðferð lands og mannvirkja í auglýsingu nr. 121 frá 19. febrúar 1988 (dskj. 20). Mælt var fyrir um skipan sérstakrar nefndar sem vera átti Náttúruverndarráði til ráðuneytis um málefni friðlandsins og tilnefndu stefnandi, náttúruverndarnefnd Árnessýslu og Náttúruverndarráð fulltrúa í nefndina.

Málsástæður og lagarök: Stefnandi lýsir málsástæðum og lagarökum svo: Stefnandi

hefur frá árinu 1935 haft óslitið eignarhald jarðarinnar Herdísarvík og þeirra mannvirkja sem þar eru. Stefnandi hefur staðið fyrir umfangsmiklum umbótum á jörð og húsum og annast allt almennt viðhald á eignunum og sinnt almennum skyldum jarðeiganda, svo sem fjall-skilaskyldum. Þá hefur stefnandi einn greitt fasteignagjöld af eigninni á umræddu tímabili (dskj. 22). Íbúðarhús á jörðinni hefur verið nýtt af starfsmönnum stefnanda til sumardvalar og jörðin sjálf m.a. nýtt til náttúrufræðirannsókna.

Þegar Hlín Johnson lét af ábúð á jörðinni árið 1958 eða 1959 var íbúðarhúsið í afar slæmu ástandi. Um það leyti var leitað upplýsinga um það í Stjórnarráðinu hvort einhverjar heimildir væri að finna um eignarhald ríkisins á íbúðarhúsinu. Svo reyndist ekki vera. Á árunum 1976-1979 réðst stefnandi í umfangsmiklar endurbætur á íbúðarhúsinu. Skipt var um þak hússins og klæðning endurnýjuð jafnt að utan sem innan. Einungis hluti burðargrindar hússins var nýttur við endurbæturnar. Stefnandi stóð straum af öllum kostnaði við endurbæturnar. Stefnandi taldi afstöðu Einar Benediktssonar til eignarhalds á íbúðarhúsinu ekki á rökum reista auk þess sem íbúðarhúsið var nánast verðlaust er stefnandi tók við því. Enginn hefur gert tilkall til íbúðarhússins frá því að stefnandi tók við umráðum þess.

Á þeim 68 árum sem senn eru liðin frá því að stefnandi fékk jörðina að gjöf hefur enginn gert tilkall til jarðarinnar eða húsa, eða hluta þeirra eigna. Þá hefur eftirgrennslan stefnanda eftir mögulegum eigendum að 7/72 hlutum jarðarinnar engan árangur borið. Stefnandi telur að hafa beri í huga í þessu sambandi að hvorki í afsali Hans Th. Arnemann til Einar Benediktssonar (dskj. 7) né í gjafabréfi Einar Benediktssonar til stefnanda (dskj. 8) er að finna neina vísbendingu um eignarhlut annarra í Herdísarvík. Skjölin bera það þvert á móti með sér að þeir hafi staðið í þeirri trú að þeir einir hafi haft eignarráð Herdísarvíkur á þessum tíma.

Svo sem skjöl málsins bera með sér var þegar á árinu 1964 litið svo á af hálfu stefnanda að sá agnúi sem kynni að hafa verið á eignarheimild stefnanda væri niður fallinn (dskj. 11). Hefur þá vafalítið verið litið til þess tíma sem liðinn var frá því að stefnandi eignaðist jörð og hús fyrir gjöf og þeirrar staðreyndar að enginn hafði þá gert tilkall til hluta eignarinnar. Stefnandi hefur staðið fyrir öllum framkvæmdum á eigninni frá þeim tíma og komið fram sem eini eigandi eignarinnar, m.a. við gerð landamerkjabréfs (dskj. 19) og í tengslum við friðlýsingu lands og mannvirkja (dskj. 20). Af umræddum framkvæmdum, fundargerðum háskólaráðs og afstöðu opinberra aðila verður ráðið að stefnandi hefur til margra áratuga farið með eignarráð jarðar og húsa, grandlaus um mögulegan eignarrétt annarra aðila.

Eignarhald á jörðunum Herdísarvík og Krísvík hélst í hendur allt frá framangreindu afsali Jóns Magnússonar til þeirra Einar Benediktssonar og Hans Th. Arnemann þar til Einar gaf stefnanda eignina Herdísarvík árið 1935. Á árinu 1937 var jörðin Krísvík svo tekin eignar-námi af íslenska ríkinu. Við þá framkvæmd kom Einar Benediktsson fram sem eini eigandi jarðarinnar Krísvík. Afsali Einar Benediktssonar til íslenska ríkisins frá 4. maí 1937 á jörðinni allri með öllum gögnum og gæðum, hjáleigum og ítaksréttindum, var þinglýst án athugasemda 20. maí 1937. Fer þessi framkvæmd fullkomlega saman við dómkröfur stefnanda enda voru þeir agnúar sem kunna að hafa verið fyrir hendi á eignarheimild stefnanda á þessum tíma hinir sömu fyrir báðar eignirnar Herdísarvík og Krísvík.

Stefnandi styður kröfu um viðurkenningu eignarréttar að jörðinni Herdísarvík við ákvæði laga nr. 46/1905 um hefð, einkum 1. gr., 1. mgr.

2. gr. og 6. gr. Stefnandi telur öll skilyrði hefðar vera fyrir hendi.

Krafa um málskostnað er reist á 129. sbr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Um rétt stefnanda til að leita eignardóms vísast til 122. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnanda skortir skilríki fyrir eignarrétti að 7/72 hlutum jarðarinnar Herdísarvík og er ókunnugt um hugsanlegan handhafa slíkra skilríkja. Um útgáfu stefnu og birtingu vísast til 3. mgr. 80. gr. og c-liðar 1. mgr. 89. gr. sömu laga.

Sönnunargögn: Stefnandi kveðst munu leggja fram við þingfestingu málsins þessi gögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skjalaskrá.
3. Eintak Lögbirtingablaðs þess sem stefnan birtist í.
4. Afsal Jóns Magnússonar til Einar Benediktssonar og Hans Th. Arnemann, dags. 17. nóvember 1908.
5. Afsöl Hans Th. Arnemann til þriggja Norðmanna, dags. 23. nóvember og 22. desember 1909.
6. Yfirlýsing Einar Benediktssonar, dags. 12. september 1913.
7. Afsal Hans Th. Arnemann til Einar Benediktssonar, dags. 13. desember 1928, ásamt athugasemdum sýslumanns.
8. Gjafabréf Einar Benediktssonar til stefnanda, dags. 28. september 1935.
9. Afsal Einar Benediktssonar til íslenska ríkisins v/Krísvíkur, ásamt umboði, dags. 4. maí 1937.
10. Ljósrit úr fundargerð háskólaráðs, dags. 27. október 1937.
11. Greinargerð Ármanns Snævarr, prófessors, um Herdísarvík, dags. í júlí 1964.
12. Yfirlit yfir skrásettar og friðlýstar fornleifar, dags. 7. september 1976.
13. Ljósrit úr fundargerð háskólaráðs, dags. 8. september 1977.
14. Bréf Herdísarvíkurnefndar til háskólaráðs, dags. 28. febrúar 1978.
15. Ljósrit úr fundargerð háskólaráðs, dags. 9. mars 1978.
16. Bréf forstöðumanns Líffræðistofnunar Háskóla Íslands til Guðlaugs Þorvaldssonar, rektors, dags. 16. mars 1978.
17. Ljósrit úr fundargerð háskólaráðs, dags. 13. apríl 1978.
18. Bréf Herdísarvíkurnefndar til háskólaráðs, dags. 15. desember 1978.
19. Landamerkjabréf, undirritað í janúar og febrúar 1980.
20. Auglýsing nr. 121/1988 um friðland í Herdísarvík.
21. Ljósrit úr fasteignabók sýslumannsins á Selfossi v/Herdísarvíkur.
22. Ljósrit úr fasteignabók sýslumannsins í Hafnarfirði v/Krísvíkur.
23. Yfirlit yfir álagningu fasteignagjalda árið 2002 vegna Herdísarvíkur.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem telur til réttar yfir jörðinni Herdísarvík, Ölfushreppi, eða mannvirkjum sem þar hafa verið reist, í heild eða að hluta, til að mæta á dómþingi héraðsdóms Suðurlands, Austurvegi 4, Selfossi, sem háð verður 7. maí 2003, kl. 14.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til eignarinnar. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi í málinu og að kröfur stefnanda verði teknar til greina.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Selfossi, 17. mars 2003.

Ólafur Börkur Þorvaldsson.

(4152

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness upp-kveðnum þann 14. mars 2003, var bú HAB innflutnings co. ehf., kt. 531187-1569, Flatahrauni 21, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Undirritaður héraðsdómslögmaður var skipaður skiptastjóri þrotabúsins á úrskurðardegi. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 7. janúar 2003.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík, eða í pósthólf 559, 121 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og eftir atvikum ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstræti 20, 3. hæð, þann 23. júní 2003, kl. 9.00.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu vikuna fyrir skiptafundinn.

(3646 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness upp-kveðnum þann 14. mars 2003, var bú Útgerðarfélagssins Sædísar ehf., kt. 441201-2490, Melási 3, Garðabæ, tekið til gjaldþrotaskipta. Undirritaður héraðsdómslögmaður var skipaður skiptastjóri þrotabúsins á úrskurðardegi. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 7. janúar 2003.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík, eða í pósthólf 559, 121 Reykjavík.

